

## Siðareglur

### 1. Tilgangur og umfang

Siðareglur leiðbeina okkur í starfi. Þær eru lýsing á góðum starfsháttum en koma ekki í veg fyrir að beita betri dómgreind í samræmi við aðstæður hverju sinni. Þær hjálpa okkur að sýna hvert öðru virðingu og vera heiðarleg gagnvart sjálfum okkur og öðrum. Siðareglurnar taka til allrar starfsemi félagsins, viðburða starfsfólks og ferða vegna vinnu. Þær gilda um starfsfólk, stjórnendur og stjórnir félagsins.

### 2. Persónuleg hegðun

- Við komum fram við samstarfsfólk og viðskiptafélaga af virðingu og líðum ekki undir neinum kringumstæðum einelti, kynferðislega áreitni, kynbundið áreiti eða annarskonar ofbeldi.
- Við mismunum ekki á grundvelli kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþátta, litarháttar, efnahags, ætternis, fötlunar, aldurs eða stöðu.
- Við störfum af alúð og samviskusemi og tryggjum að framkoma okkar varpi ekki rýrð á starf okkar eða orðspor fyrirtækisins.
- Við leggjum okkur fram við að sýna virðingu í samskiptum og að eiga frumkvæði að jákvæðum og uppbyggjandi samskiptum.

### 3. Starfshættir

- Við störfum í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og vinnum ávallt gegn spillingu, mútum, kúgun og fjársvikum.
- Við misnotum ekki stöðu okkar eða vald í eiginhagsmunaskyni.
- Við veitum ekki eða þiggjum gjafir eða aðra ívilnun með beinum eða óbeinum hætti fyrir sjálf okkur eða aðra sem getur haft áhrif á sjálfstæði okkar eða hlutleysi í starfi.
- Við tökum ekki þátt í meðferð mála er varða hagsmuni okkar sjálfra eða tengdra aðila og upplýsum stjórnendur um atriði sem kunna að valda hagsmunaárekstrum.

### 4. Upplýsingagjöf og trúnaður

- Við gætum að persónuvernd, virðum tilfinningar, friðhelgi og einkalíf annarra.
- Við birtum ekki myndefni eða annað opinberlega, þar með talið á samfélagsmiðlum sem getur valdið fyrirtækinu, samstarfsfólki, viðskiptafélögum eða farþegum skaða, nema samþykki fyrir birtingu liggi fyrir.

- Við nýtum okkur ekki upplýsingar sem við fáum í starfi í þágu eigin hagsmuna. Sérstakrar varúðar skal gætt við notkun, geymslu, afritun og eyðingu trúnaðarupplýsinga, þ.m.t. myndefnis vegna myndavélaeftirlits.
- Við virðum þagnarskyldu um trúnaðarupplýsingar, einnig eftir að látið er af störfum.

## 5. Viðskiptahættir

- Við erum fagleg og heiðarleg og sýnum það með því að fylgja viðurkenndum stjórnarháttum.
- Við vinnum ávallt í samræmi við eigandastefnu, stefnu félagsins, stuðningsstefnur og gildandi siðareglur.
- Við tökum tillit til efnahagslegra-, samfélagslegra- og umhverfislegra áhrifa við töku ákvarðana og verðum þannig sjálfbær.
- Við vinnum í samræmi við tíu meginreglur Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi, vinnumál, umhverfismál og aðgerðir gegn spillingu og tökum mið af Heimsmarkmiðum sameinuðu þjóðanna í störfum okkar. Við gerum sömu kröfur til birgja í samræmi við siðareglur birgja.
- Við gætum þess að við ákvarðanatöku sé ávallt gengið úr skugga um að þær samræmist gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum sem félagið vinnur í samræmi við.

## 6. Viðurlög við broti á siðareglum

Alvarleg eða ítrekuð brot á siðareglum geta leitt til brottreksturs. Brot og frávik geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og starfsfólk getur einnig borið persónulega ábyrgð vegna athafna eða athafnaleysis.

Siðareglurnar skulu kynntar starfsfólki og vera aðgengilegar á innri og ytri vef félagsins.

Siðareglur þessar eru í gildi og bera forstjóri og framkvæmdastjórar samstæðu Isavia ábyrgð á framfylgd þeirra.

Samþykkt af stjórn Isavia hinn 24. febrúar 2022.